



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Míla
Stórhöfði 22-30
110 Reykjavík

Ísafjörður, 28. febrúar 2017
2017100045

Efni: Ísland ljóstengt 2018

Fjarskiptasjóður auglýsti eftir umsóknum vegna verkefnisins Ísland ljóstengt, Ísafjarðarbær með aðstoð Verkfræðistofu Eflu, vann að umsókn til Fjarskiptasjóðs fyrir bæði A og B hluta. Í A hluta verkefnisins var auglýst eftir aðilum sem hefðu áhuga fyrir eftirfarandi.

- A. Aðila eða aðilum sem sannarlega ætla að koma á ljósleiðaratengingu eða annarri a.m.k. 100Mb/s þráðbundinni netþjónustu í Ísafjarðarbæ (utan þéttbýlis) á æstu þremur árum á markaðslegum forsendum.
- B. Hæfum aðila eða aðilum, til að taka að sér að byggja upp ljósleiðarakerfi með stuðning frá opinberum aðilum og e.t.v. reka til framtíðar. Komi til þess að enginn aðili svari lið A hér að ofan. Aðilar sem óska eftir stuðningi skulu uppfylla tilteknar kröfur um fjarskiptaleyfi, fjárhagslegan styrk, reynslu af uppbyggingu sambærilegra kerfa, raunhæfa verkáætlun o.fl.
- C. Eiganda mögulegra fyrirliggjandi fjarskiptainnviða á ofangreindu svæði í dreifbýli Ísafjarðarbæjar sem er tilbúinn að leggja þá til við uppbygginguna gegn endurgjaldi sem bjóðist öllum sem lýsa yfir áhuga á uppbyggingu skv. B lið hér að ofan á jafnræðisgrundvelli.

Bæði Míla og Snerpa lýstu yfir áhuga fyrir verkefninu. Míla lýsti yfir áhuga fyrir liðum B og C, Snerpa lýsti yfir áhuga á öllum þáttum verkefnisins.

Í A hluta voru fylgigögn með umsókn eftirfarandi þ.e. grófhönnun, skipting í verkáfangi, áætlaður stofnkostnaður og skipting á milli aðila, niðurstaða könnunar á áformum markaðsaðila um uppbyggingu á markaðsforsendum, listi yfir styrkhæfa staði skv. forskrift póst- og fjarskiptastofnunar, staðfesting þess að kannað verði á hönnunarstigi með hagkvæma nýtingu fyrirliggjandi innviða og samlegðar með öðrum framkvæmdum. Staðfest var við Ísafjarðarbæ að gögnin stæðust kröfur þann 09.11.2017

Fyrir B-hluta verkefnis sendi Ísafjarðarbær inn 4 umsóknir, það voru umsóknir nr. 1a, 1b, 2a og 2b Umsókn 2a var samþykkt, sótt var um 27.600.000 en lagnaáætlun fyrir umsókn 2a má sjá í kortum Eflu, þ.e. kort V01 Fylgiskjal 2, lagnaleið er merkt áfangi 1.

Í staðarlista fyrir áfangi 1 eru 34 staðir styrkhæfir, þar af eru 28 lögheimili, þá lögbylí og sveitabær í Dýrafirði, einnig er að finna Héraðsskólann að Núpi, golfvöllinn og flugvöllinn í Dýrafirði, sjá nánari útlistun í Staðarlista.

Umsókn 2a gerir ráð fyrir í kostnaðaráætlun að verkið sé 44.000.000 sótt var um 27.600.000 í styrkuppþæð og framlag Ísafjarðarbæjar, var áætlað 9.600.000. Úthlutaður styrkur er 18.771.000 fjöldi tenginga eru 34.



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Tafla 1: Umsókn 2a- Áfangi 1 skv. styrkumsókn

	Stofnkostnaður	Pr staðfang
Jarðvinna	32.100.000	
Efni	6.500.000	
Blástur og tengingar	1.200.000	
Hönnun, umsjón og eftirlit	4.200.000	
Samtals	44.000.000	1.294.118
Fjarskiptasjóður	27.600.000	811.765
Inntaksgjöld	6.800.000	200.000
Sveitafélag	9.600.000	282.353

Bæjaryfirvöld hafa ekki lagt til aukið fjármagn til móts við skerðingu Fjarskiptasjóðs, framlag Ísafjarðarbæjar til verkefnisins er 9.600.000 kr. úthlutaður styrkur er 18.771.000 kr. og gert er ráð fyrir inntaksgjöldum 6.800.000 kr. þannig að miðað við það fjármagn sem er í boði eða 35.171.000 kr. má reikna með færri tengipunktum en upphafleg áætlun gerði fyrir.

Efla hf. Hefur jafnframt lýst yfir áhuga á fullnaðarhönnun á áfanga 1 þar sem samið verði við fjarskiptafélög um tengingar við núverandi kerfi, verðkannanir á efni, útboði á jarð- tengivinnu og samningsgerð. Áhuga Eflu, er vísað til fjarskiptafyrirtækja hvort þau hafi áhuga fyrir nánari samstarfi. Sá kostnaður mun dragast af þeirri upphæð sem stendur til boða þ.e. 35.171.000 kr.

Miðað verði við að sem flestir staðir verði tengdir (ekki verði þó gert skilyrði um alla þar sem úthlutun Fjarskiptasjóðs var skert) og óskað eftir hugmyndum um form á rekstri kerfisins sem miði að því að lágmarka frekari útgjöld Ísafjarðarbæjar vegna hans og jafnframt að tryggja sömu markmið og voru lögð til grundvallar við framkvæmdir 2017, þ.e. að notendum í dreifbýli bjóðist ávallt tengingar á mánaðargjaldi sem sé sambærilegt við þéttbýli og að kerfið sé hannað í samræmi við kröfur Fjarskiptasjóðs, sérstaklega hvað varðar opinn aðgang fjarskiptafyrirtækja á samkeppnisgrundvelli, högun kerfis og síðari stækkunarmöguleika.

Miðað við ofangreindar forsendur er óskað eftir því að bjóðendur í verkinu grófhanni kerfið á eigin kostnað, án kröfu um þóknun ef tillögu þeirra er ekki tekið. Í gögnum skal eftirfarandi koma fram þ.e. fjöldi tengipunkta m.v. grófhönnun út frá fjármagni sem er í boði m.v. styrk Fjarskiptasjóðs og mótframlagi Ísafjarðarbæjar, útfærsla kerfis, upphafstíma og áætluð verklok framkvæmda.

Ísafjarðarbær áskilur sér rétt til þess að meta gögnin m.t.t. til hagkvæmis þ.e., kostnaði og fjölda tengipunkta, jafnframt útfærslu í samræmi við kröfur Fjarskiptasjóðs, sé ofangreindum gögnum ekki skilað inn fyrir 15. mars, 2018 þá er litið svo á að áhugi á samstarfi sé ekki fyrir hendi.

Fylgigögn eru skv. A- umsókn til Fjarskiptasjóðs uppdráttur frá Eflu V01-fylgiskjal 2, fylgiskjal 3 skipting í verkáfang, fylgiskjal 4 staðarlisti

Virðingarfyllt
Axel Rodríguez Överby
- skipulags- og byggingarfulltrúi -